

Mánudaginn 13. ágústmánaðar.

Nr. 57/1893:

Benedikt prestur Eyjólfsson
gegn

Þorsteini presti Þórarinssyni.

D ó m u r :

Hinn 13. júní, eða laust eftir fardaga, árið 1890 var af prófasti ásamt tveimur úttektarmönnum tekinn út staðurinn Berufjörður ásamt kirkju úr höndum fráfarandi prests Þorsteins Þórarinssonar í hendur Bergsveini bónda Skúlasyni, er tók að sjer ábúð og umsjón á jörðinni að öllu, sem og á kirkjunni og hennar munum, en nýr prestur var eigi þá kominn að brauðinu. Úttektin fór svo, að fráfarandi presti var gjört að svara á álag á prestssetrið 228 kr. 2 a. og 85 kr. á kirkjuna, hjá hverri prestur átti þess utan 668 kr., samtals 313 kr. 2 a.

Haustið 1890 kom nú nýr prestur, Benedikt Eyjólfsson, að brauðinu, og er hann eigi vildi una við úttekt þessa, hlutuðust stiptsyfirvöldin til, að yfirúttekt yrði gjörð og fór hún fram 11. júní 1891 eða ári síðar. Við hana voru staddir prófastur, sjera Benedikt Eyjólfsson og sjera Þorsteinn Þórarinsson, og mótmælti hann yfirúttektinni af því hann með úttektinni 13. júní 1890 væri búinn að skila af sjer stað og kirkju til prófasts og Bergsveins Skúlasonar, en þeir hefðu undirskrifað og samþykkt hana skilyrðislaust, svo væri og eftir ákvæðum laga 12. jan. 1884, 34. gr., of seint beðið um yfirúttekt.

Yfirúttektin fór svo, að álag á prestssetrið var gjört 842 kr. 77 a. og á kirkjuna 115 kr. 80 a., samtals 958 kr. 57 a., eða 645 kr. 55 aurum hærra en ári

áður. Upp í álagið var lagt út, án þess samþykki prestsins Þorsteins Þórarinssonar væri til þess fengið, 596 kr. 70 a., er hann átti á staðnum í húsum og fl., og auk þess tók Benedikt prestur upp í það undir sjálfum sjer 44 kr. 18 a., sem hann átti að greiða síra Þorsteini fyrir prestspjónustu. Vantaði þannig á álagið eptir yfirmatinu 317 kr. 69 a. og til greiðslu á fjárhæð þessari höfðaði svo Benedikt prestur Eyjólfsson mál á hendur Þorsteini presti Þórarinssyni, er með dómi aukarjettar Suðurmúlasýslu, uppkveðnum 4. sept. 1893, var dæmdur sýkn af kærnum og kröfum stefnanda, en málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefur nú presturinn Benedikt Eyjólfsson áfrýjað með stefnu dags. 29. nóv. f. á. og krafizt greiðslu á tjeðum 317 kr. 69 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi og 100 kr. í málskostnað eða eptir mati rjettarins.

Hinn stefndi Þorsteinn prestur Þórarinsson þar á móti hefur auk málskostnaðar krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Frestur sá sem ákveðinn er í lögum 12. jan. 1884, 34. gr., getur eigi beinlínis átt við prestssetur eða kirkjur, og þótt hinn nýi prestur hafi dregið mjög lengi að biðja um yfirmat, eru eigi nægileg rök til að álíta, að það sje svo fram úr hófi, að hinn aðkomandi prestur hafi fyrir þá sök fyrirgjört rjetti sínum að fá því framgengt.

Yfirúttektin ber með sjer að hún hefur verið gjörð sem úttekt á prestssetrinu og kirkjunni í því ástandi sem þau voru í fardögum 1891. Hún er eigi rökstudd með samanburði við og prófun á hinn áfrýjuðu úttekt frá 1890, og að eins gjört álag í krónutali í því ástandi,

sem kirkja og staðarhús þá komu fyrir, án nokkurs tillits til, að þau höfðu verið úr ábyrgð hins stefnda eitt ár, og breytingar á orðið, ekki til batnaðar eptir því sem best verður sjeð, en til óákveðinnar rýrnunar meiri eða minni.

Að svo hafi verið, að yfirmatið eða úttektin hafi verið miðuð við ástandið í fardögum 1891 kemur enn fremur ljóslega fram við það, að prófastur, er eptir embættisskyldu samkvæmt 1. gr. í tilsk. 24. júlí 1789 sá um úttektina ásamt 2 matsmönnum fyrra skiptið 1890 og 4 hið síðara 1891, í brjefi til málspartanna, dags, 5. jan. 1892, kveðst þann 17. sept. 1891 munnlega hafa beðið áfrýjanda að útvega yfirlýsingu þessara manna um, hve mikið prestssetur og kirkja hafi rýrnað fardagaárið 1890—91, því þá verði álagsupphæðin lög-uð eptir henni, og kemur það einnig heim við það, að stiptsyfirvöldin í brjefi til prófasts, dags. 24. nóv. 1891, geta um, að prófastur hafi skrifað þeim, að sjer hafi láózt eptir að láta yfirúttektarmennina meta, hvað kirkja og staðarhús kunni að hafa gengið úr sjer fardagaárið 1890—91.

Þar sem nú slíkir gallar eru á yfirmatinu, og ekkert er komið fram, er geti leitt til fastra ákvæða um fjárupphæð þá, er stefnda beri að svara eptir yfirskoðun á úttektinni í fardögum 1890, þrátt fyrir áskorun prófasts, að matin væri rýrnun á hinu úttekna fardagaárið 1890—91, þá eru eigi tók til að dæma áfrýjandanum hinn umstefnda hluta álagsins 317 kr. 69 a. eða hluta af þeirri fjárhæð, og ber því að staðfesta hinn áfrýjanda aukarjettardóm, en málskostnað fyrir yfirjetti greiði áfrýjandi hinum stefnda með 30 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á óraskaður að vera. Sem málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn, Benedikt prestur Eyjólfsson, hinum stefnda, Þorsteini presti Þórarinssyni, 30 kr.

Hið ídæmda að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 56/1893:

Skiptaráðandinn í Norður-Múlasýslu, Einar Thorlacius, og Þórarinn Guðmundsson, Kristján Hallgrímsson og J. M. Hansen fyrir hönd protabús konsúls W. G. Spence Paterson

gegn

Sveini Sigfússyni, Þorsteini Jónssyni, Magnúsi P. Joensen, Pálma Pálmasyri, Þorkeli Jónssyni, sjera Jóni Guðmundssyni, Erlendi Árnassyni og Friðriki Jóhannssyni.

Dómur:

Tildrög þessa máls eru þau, að konsúl W. G. Spence Paterson stofnaði verzlun á Seyðisfirði í Norður-Múlasýslu sumarið eða vorið 1890, og leysti hann þá borgarabjef til þessa. Árið eptir, 1891, keypti hann töluverðan fisk af bændum og útvegsmönnum í Norðfirði í Suður-Múlasýslu, er átti að borgast með peningum og vörum jafnótt og hann væri afhentur. Þetta varð þó eigi, og var mikill hluti þessa fiskjar óborgað-